

Priðjudaginn 20. maí 1958.

Nr. 150/1957. **Lúðvík Eggertsson, eigandi jarðarinnar Hliðs**  
(Jónas Thoroddsen hrl.)

gegn

**Auðbjörgu Jónsdóttur, fyrirsvarsmanni jarðarinnar Vestri-Skógtjarnar**

(Kristinn Gunnarsson hrl.).

**og gagnsök.**

Dómenjur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Landamerkjamála.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1957. Krefst hann þess, að merki milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar verði ákveðin þannig: Frá tilteknum steini austanvert við Gömlu-Hliðsvör bein lína í íbúðarhúsið á Hliðsnesi. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. september 1957. Krefst hann aðallega, að merki milli framangreindra jarða verði ákveðin þannig: Úr merktum steini vestan við Gömlu-Hliðsvör í svonefndan Steinboga (Steinboga II). Til vara krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdóms um merkin verði staðfest. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Árið 1929 ákváðu þáverandi eigendur jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, hvar vera skyldu merki milli jarðanna. Í samræmi við það samkomulag hlóðu þáverandi eigendur Hliðs markagarð þann milli jarðanna, sem greint er frá í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi telur, að samkvæmt þinglesinni landamerkjaskrá fyrir jörðina Hlið frá 4. júní 1890 séu merki milli jarðanna nokkurn spöl fyrir austan markagarð-

inn. Vill hann láta þá landamerkjaskrá ráða merkjum, enda hafi merkjasetningin frá 1929 ekki verið þinglesin, og sé hann því ekki bundinn við þá breytingu, sem með henni hafi verið gerð á merkjunum.

Það er ljóst, að merkjasetningin frá 1929 var bindandi fyrir þáverandi eigendur jarðanna. Eftir það virðist jörðin Hlið hafa skipt nokkrum sinnum um eigendur, unz aðaláfrýjandi keypti hana með gerningi, dagsettum 30. maí 1954. Var framangreindur markagarður þá sýnilegur, svo sem hann er enn. Þá hafði og skömmu áður verið reist iðnhýsi á þrætu-svæðinu á vegum eigenda Vestri- Skógtjarnar. Gat aðaláfrýjandi af þessum sökum ekki verið grandlaus um, að merki milli jarðanna væru önnur en þau, sem garðurinn sýndi. Verður krafa hans þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. Og þar sem fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðalkröfu gagnáfrýjanda var hrundið, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Lúðvíg Eggertsson, greiði gagnáfrýjanda, Auðbjörgu Jónsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómum landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 2. júlí 1957.

Ár 1957, þriðjudaginn 2. júlí, var landamerkjadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur af Kristni Ólafssyni dómsformanni og meðdómendum Birni Konráðssyni og Guðmanni Magnússyni og upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 22. júní s.l.

Mál þetta er höfðað samkvæmt 8. gr. landamerkjalaga nr. 41 frá 28. nóvember 1919, og eru tildrög þess sem hér skal rakið:

Með erindi, dagsettu 12. júní 1956, sneri sér til sýslumannsins

í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigandi jarðarinnar Hliðs í Bessa-  
staðahreppi, Lúðvíg Eggertsson kaupmaður, Hverfisgötu 42,  
Reykjavík, og fór þess á leit, að landamerkjadómur setti út merki  
milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, beggja á Álftanesi  
í Bessastaðahreppi, og krafðist hann jafnframt, að merkin yrðu  
dregin í beina línu milli steins í fjörunni austanvert við gömlu  
Hliðsvör, en vestanvert við Brekkuvör, í íbúðarhúsið á Hliðsnesi,  
en sú lína liggja yfir svonefndan Steinboga í ós á milli Hliðs og  
Hliðsness, og fylgdi með uppdráttur, er miðaður var við þetta.  
Til vara krafðist hann, að merkjalínan yrði dregin um annan  
stað, sem merkjadómsmenn kynnu að álíta réttari.

Málsaðiljar voru kvaddir á dómþing út af framangreindu er-  
indi þann 4. júlí 1956.

Eigandi Hliðs hafði þar uppi sömu kröfur og hér eru bókaðar  
að framan, en þeim var mótmælt af hálfu eiganda Vestri-Skóg-  
tjarnar, en þeir eru erfingjar í dánarbúi Klemensar Jónssonar  
oddvita og eftirlifandi ekkju hans, Auðbjargar Jónsdóttur.

Sáttaumleitun fór síðan fram í málinu, en bar ekki árangur,  
og var því samkvæmt 9. gr. fyrrgreindra laga nr. 41 frá 1919  
skipaður landamerkjadómur, sem síðan hefur farið með málið.  
Uppdráttur hefur síðan verið gerður af svæði því, sem um er  
deilt í málinu, miðað við kröfur þær, sem gerðar eru af hálfu  
aðilja (dómskjal nr. 10). Mörg vitni hafa verið leidd og dóm-  
endur ásamt málsaðiljum og vitnum gengið á merkin, eins og  
lög gera ráð fyrir.

Í málinu gerir sóknaraðili, Lúðvíg Eggertsson, þær dómkröfur,  
að merkjalínan milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar verði  
dregin, eins og krafizt er í bréfi hans frá 12. júní 1956, en til  
vara, að línan verði dregin á öðrum stað, sem dómurinn telji  
vera rétt merki, ef skilningur sóknaraðilja reynist rangur.

Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja, eiganda Vestri-Skógtjarnar, eru gerðar  
þær dómkröfur aðallega, að mörk milli jarðanna Hliðs og Vestri-  
Skógtjarnar verði ákveðin úr merktum steini vestan við gömlu  
Hliðsvör í svonefndan Steinboga, sem sé grjóthryggur, sem ligg-  
ur í vestur neðst frá ósnum milli Vestri-Skógtjarnar og Hliðs  
annars vegar og Hliðsness hins vegar.

Til vara, að svonefndur Markagarður, sem liggur milli áður-  
nefndra jarða, yrði látinn ráða mörkunum, sem hingað til. Þá  
er krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, eiganda Hliðs,  
til handa varnaraðilja.

Um kröfur þessar fór fram árangurslaus sáttaumleitun, eins og áður er getið.

Í þinglesinni landamerkjaskrá fyrir jörðina Hlið í Bessastaða-hreppi, gerðri af þáverandi eiganda og ábúanda á Hliði, Jóni Þórðarsyni, dagsettri 4. júní 1890, og samþykktri af eigendum jarðanna Brekku, Brekkukots og Hliðsness, segir svo, að jörðin sé á alla vegu umflotin sjó, nema að granda þeim, sem liggur upp frá bænum Gamlahliði. Mörk á þeim granda séu: Lína þvert yfir grandann frá merktum steini austanvert við Gömluhliðsvör og beina línu á Hliðsnes í miðjan ós eða svonefndan Steinboga. Á þessari landamerkjaskrá reisir sóknaraðili fyrst og fremst aðal-kröfur sínar í málinu, og er eins og sýnt er á dóm skjali nr. 10, lína dregin úr steini A í Hliðsnes (skorstein). Er við þetta að athuga, að ekki hefur fundizt á þessum slóðum merktur steinn, er benda mætti á sem markastein, en sóknaraðili vísar þar á stóran stein, sem hann telur vera markastein (steinn A á dóm-skjali 10).

Þessu er mótmælt af hálfu varnaraðilja og bent á stóran stein vestanvert við Gömluhliðsvör, sem sé umræddur markasteinn, enda þótt ekki hafi fundizt heldur á honum merki, er sanni það. Hins vegar er það stutt framburði margra vitna, kunnugra á staðnum, að sá steinn hafi almennt verið álitinn vera markasteinn milli Hliðs og Skógartjarnar.

Árið 1927 keyptu þeir bræðurnir, Sigurður og Ásbjörn Lárus-synir, ásamt föður sínum, Lárusi Ásbjörnssyni, jörðina Hlið af hreppnum. Lárus og Ásbjörn, sonur hans, eru látnir, en Sigurður og bróðir hans, Júlíus, hafa mætt sem vitni í málinu. Upplýsa þeir, að Lárusi og sonum hans hafi verið seld jörðin þannig, að þeir ættu allt land innan línu úr merktum steini vestan við Hliðsvör beina stefnu í bæinn á Hliðsnesi. Árið 1929 réðust þeir í að gera landamerkjagarð milli Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, og stendur sá garður enn uppi.

Áður en garður þessi var byggður, segjast þeir hafa gengið úr skugga um, að hann væri settur á rétt landamerki milli jarðanna. Kölluðu þeir til þá Klemens Jónsson oddvita, eiganda jarðarinnar Vestri-Skógtjarnar, og Ólaf Bjarnason, bónda og hreppsnefndarmann í Gesthúsum, til að fá staðfestingu þeirra á landamerkjunum. Var markagarðurinn síðan byggður, eftir því sem þeir töldu vera rétt merki og í fullu samkomulagi milli allra, sem hlut áttu að máli, að því er Sigurður og Júlíus herma. Á dóm skjali 10 er sýnt garðlag, sem er umræddur markagarður, og

fellur hann inn í beina línu, sem dregin er úr steini B í Hliðsnesi (skorsteinninn).

Í landamerkjaskránni frá 1890 er talað um Steinboga, og hefur í máli þessu verið reynt að upplýsa, hvar hann sé að finna, enda miðar stefndur aðalkröfu sína í málinu við stað, sem hann telur vera þennan Steinboga. Hins vegar verður dómurinn að telja enn leika vafa á, hvar Steinbogi hefur verið, og steinaröð sú, sem kölluð hefur verið Steinbogi II á uppdrættinum, dómskjali 10, og stefndu viljað miða við, er of stór um sig til að nægilega nákvæm miðun fengist við það. Verður því ekki miðað við Steinboga sem landamerki í þessu máli.

Það skal fram tekið, að í máli þessu er samkomulag milli aðilja, að þar sem talað er um Hliðsnes sem endamark, er miðað við skorsteininn á íbúðarhúsi því, er þar stendur nú, eins og sýnt er á uppdrættinum á dómskjali 10.

Eins og ljóst er af því, sem hér hefur verið rakið, hefur sóknaraðili ekki fært fram fullnægjandi sönnunargögn fyrir því, að steinn sá, sem hann hefur bent á austanvert við Gömluhliðsvör sé markasteinninn milli Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, og verður aðalkrafa sóknaraðilja í máli þessu því ekki tekin til greina.

Eins og áður er fram tekið, voru árið 1929 af eigendum Hliðs og Vestri-Skógtjarnar ákveðin landamerki milli jarðanna og byggður þar markagarður, sem enn er við lýði, og sýnir svo ekki verður um deilt, hvar þau landamerki voru þá ákveðin. Dómurinn álitur, að hlutaðeigendur hafi haft fullan rétt til að ákveða merki milli jarða sinna, svo að bindandi sé fyrir þá, er síðar hafa eignast jarðir þessar. Auk þess má benda á, að síðan er liðinn fullur hefðartími og skilyrði til hefðar fyrir hendi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skal fyrrgreindur markagarður ráða landamerkjum eða, eins og sýnt er á dómskjali 10, lína dregin úr steini B í Hliðsnes (skorstein).

Þá ber að taka til greina kröfu varnaraðilja um greiðslu málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, og þykir hann hæfilega metinn kr. 3.500.00.

Ennfremur greiði sóknaraðili meðdómendum merkjadómsins, þeim Birni Konráðssyni og Guðmanni Magnússyni, þóknun og ferðakostnað, kr. 750.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjum milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar skal ráða svonefndur Markagarður, sem fellur inn í beina

línu, sem hugsast dregin úr áðurgreindum steini vestanvert við Gömluhliðsvör og í reykháfi íbúðarhússins í Hliðsnesi.

Þá greiði sóknaraðili, Lúðvig Eggertsson, eigendum Vestri-Skógtjarnar, málskostnað með kr 3.500.00 svo og þóknun og ferðakostnað meðdómendum, Guðmanni Magnússyni kr. 750.00 og Birni Konráðssyni kr. 750.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 21. maí 1958.

Nr. 64/1958. **Sigrún Einarsdóttir**  
 gegn  
**Kjartani Arnfinnssyni,**  
**Margréti Friðriksdóttur**  
 og  
**Fjólu Christhansen.**

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason-  
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann  
 Snævarr.**

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. apríl 1958, en eigi varð sóknaraðilja kunn uppsaga héraðsdóms fyrr en þann dag. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 2. maí 1958. Sóknaraðili hefur hvorki sent dómimum greinargerð né kröfur, en í kærubréfi sínu lýsir hann því, að hann kæri málskostnaðarákvæði héraðsdóms, enda geti hann ekki unað því, að honum hafi verið dæmt að bera málskostnað sinn í héraði. Verður því að ætla, að sóknaraðili vilji fá sér dæmdan málskostnað í héraði úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafi eigi borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.